

## Lykilhæfni

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011/2013 segir að í hverri námsgrein skuli jöfnum höndum lögð áhersla á almenna [lykilhæfni](#) og sértæka hæfni fyrir viðkomandi námsgrein.

Lykilhæfni snertir allt almennt nám og allar námsgreinar. Hún er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Henni er skipt í fimm þætti:

### Tjáning og miðlun

Hæfni nemenda til þátttöku í samræðum og rökræðum, færni við að miðla þekkingu sinni, tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt.

### Skapandi og gagnrýnin hugsun

Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, sýna áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu.

### Sjálfstæði og samvinna

Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

### Nýting miðla og upplýsingar

Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.

### Ábyrgð og mat á eigin námi

Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Í Kársnesskóla vinnum við að lykilhæfni með ýmsu móti, á öllum námsárum. Sem dæmi má nefna:

- Söguaðferðina sem allir nemendur skólans vinna eftir ár hvert. Sú aðferð krefst samþættingar fjölda námsgreina og verkefna reyna á alla þætti lykilhæfni.
- Byrjendalæsi og Leið til læsis.
- Spjaldtölvur, allir nemendur í 5. -10. bekk eru með spjaldtölvur og nemendur í yngri bekkjum hafa einnig aðgang að þeim.
- Fjölbreytt framboð valgreina á unglingsstigi.
- Útikennslu þar sem nærumhverfið býður upp á fjölbreytta náttúru fyrir leik og nám.
- [Frammistöðu- og leiðsagnarmat](#) sem byggir á símati yfir skólaárið.
- Bekkjarfundi og nemendaviðtöl sem styðja við alla þætti, hvert á sinn hátt.